

# Brýnið

9. árgangur 1. tbl.

Fréttablað áhugamanna um tréskurð

febr. 2004

## Aðalfundur FÁT 2003

Aðalfundur Félags áhugamanna um tréskurð var haldinn í Kaffiteríu ÍSÍ í Laugardal, laugardaginn 6. desember. Dagskrá fundarins var venjuleg aðalfundarstörf. Formaður flutti skýrslu stjórnar og reikningar félagsins fyrir árið 2002-2003 voru lagðir fram og samþykktir.

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn: Vilhjálmur Siggeirsson kjörinn formaður, Bjarni Þór Kristjánsson, Halldór Vilhelmsson, Guðmundur Ketill Guðfinnsson, Friðgeir H. Guðmundsson og Örn Sigurðsson. Elsa Þóra Eggertsdóttir gekk úr stjórn, þar sem hún hefur flust af landi brott og er henni þökkuð óeigingjörn störf í þágu félagsins.

Eftirtaldir voru kjörnir í ritnefnd: Anna Lilja Jónsdóttir, Ingólfur Sigurjónsson, og Sigurjón Gunnarsson.

Á aðalfundinum voru málefni félagsins rædd. Ákveðið var að hafa tvo félagsfundi á vormisseri 2003 og er greint frá þeim annars staðar í Brýninu. Þá var rætt um hvernig halda skyldi upp á 10 ára afmæli félagsins á árinu 2004. Í því sambandi var rætt um m.a. útbreiðslufund með erindi, sérstaka afmælissýningu í haust og sérstakan félagsfund í haust um höfðaletur ásamt útgáfu kynningarbæklings með ágripi af sögu félagsins og endurnýjun á vefsíðu félagsins.

Á fyrsta stjórnarfundinum nýrrar stjórnar skipti stjórnin með sér verkum og er Bjarni Þór Kristjánsson varaformaður, Halldór Vilhelmsson gjaldkeri, Guðmundur Ketill Guðfinnsson ritari, Friðgeir H. Guðmundsson og Örn Sigurðsson meðstjórnendur.

## Félagsgjöldin

*Með þessu fréttabréfi eru sendir út innheimtuseðlar félagsgjalda fyrir 2003-2004. Eru félagsmenn hvattir til að standa skil á félagsgjaldinu við fyrsta tækifæri, en félagsgjaldið er óbreytt frá fyrra ári 1.500,- kr.*

## Bækur og myndbönd:

Félagsmenn eru mynntir á að bækur og myndbönd félagsins eru til útleigu fyrir félagsmenn. Eins og áður sér Friðgeir Guðmundsson um útleiguna. Hann er í síma 5607166 á daginn, en á kvöldin í síma 5546775 og 8616775, tölvupóstfang fridgeir@alcan.com. Sama lága verðið er á útleigunni, 300 kr., en greiða þarf skilagjald 3.000 kr. fyrir myndbandið. Skilagjald bóka er í samræmi við verðgildi þeirra. Skilagjaldið endurgreiðist þega skilað er. Leigutíminn allt að tvær vikur.



### **Dagskrá vormisseris:**

**Febrúar:** Myndbandakvöld. Mánudaginn 16. febrúar kl. 20.00 í sal ÍSÍ í Laugardal, við hlið Íþróttahallarinnar. Sýnd verða tvö myndbönd. Félagar eru hvattir til að hafa með bækur um útskurð.

**Mars:** Fræðslufundur. Eysteinn Sigurðsson flytur erindi um Bólu-Hjálmar mánudaginn 8. mars kl. 20.00 í sal ÍSÍ í Laugardal.

### **Mai: Vorsýning FÁT 2003**

Vorsýning Félags áhugamanna um tréskurð verður haldinn laugardaginn 1. maí og sunnudaginn 2. maí í tengibyggingu Safnaðarheimilis Háteigskirkju v/Háteigsveg. Heiðursgestur sýningarinnar verður Matthías Andrússon, en eins og margir muna fékk hann Fálkaorðuna fyrir störf í þágu íslensks handverks. Matthías notar mikið höfðaletur í verkum sínum. Nánar verður greint frá Matthíasi og sýningunni í næsta fréttablaði.

Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt í vorsýningunni og nota tímann vel fram að sýningu til að ljúka verkum sínum tímanlega.

### **Afmælið:**

Eins og fram kom í frásögn af aðalfundi félagsins hér að framan er fyrirhuguð afmælisýning félagsins á haustdögum. Þema þeirrar sýningar verður væmtanlega gamlir útskornir munir. Þeir félagsmenn sem vita um og/eða eiga slíkar gersemar sem þeir vilja lána á sýninguna eru hvattir til að hafa samband við sýninganefnd.

### **Stjórn félagsins:**

Vilhjálmur G. Siggeirsson, formaður, sími: 5537768 – 8639395  
Bjarni Þór Kristjánsson, varaformaður, sími: 5684654 – 6976294  
Halldór Vilhelmsson, gjaldkeri, sími: 5656122 – 8989619  
Guðmundur K. Guðfinnsson, ritari, sími: 5668157 – 8541257  
Friðgeir Guðmundsson, meðstjórnandi, sími: 5546775 – 8616775  
Örn Sigurðsson, meðstjórnandi, sími: 8488659

### **Í ritnefnd Brýnisins eru:**

Anna Lilja Jónsdóttir, sími: 5538253 – 8648253  
Ingólfur Sigurjónsson, sími: 6602543  
Sigurjón Gunnarsson, sími: 5578212 – 8995716

### **Í sýningarnefnd eru:**

Bjarni Þór Kristjánsson, sími: 5684654 – 6976294  
Halldór Vilhelmsson, sími: 5656122 – 8989619  
Jón Vilhelmsson, sími: 5657962  
Örn Sigurðsson, sími: 8488659

### **BRÝNIÐ**

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð  
Birkihlíð 32,  
105 Reykjavík  
Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð  
<http://www.simnet.is/samvil/treskurd>